

Ár 2007, föstudaginn 11. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-40/2007:

Ákærvaldið

*(Gunnar Örn Jónsson ftr.)*

gegn

A

*(sjálfur)*

B

*(sjálfur)*

D

*(sjálf)*

X

*(Auður Jónsdóttir hdl.)*

svofelldur

### **d ó m u r :**

Mál þetta, sem þingfest var þann 8. mars sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 1. febrúar 2007, á hendur A, kt. 000000-0000, Reykjavík, B, kt. 000000-0000, D, kt. 000000-0000, og X, kt. 000000-0000, , Reykjavík,

I.

„gegn ákærða A fyrir húsbrot

með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 27. maí 2006 farið í heimildarleysi inn í sumarbústað að Hvítárbraut 1, í landi Vaðness í Grímsnes- og Grafningshreppi

opnað læstar bakdyr án lykils, dvalist í bústaðnum fram á morgun þann dag, haldið þar samkvæmi og notað húsmuni og heitan pott í bústaðnum.

II.

gegn ákærðu B, D og X fyrir hlutdeild í húsbroti með því að hafa umrætt sinn, ásamt ákærða A, dvalist í bústaðnum, notað húsmuni í bústaðnum og heitan pott.

Telst brot ákærða samkvæmt ákærulið I. varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940, en brot ákærðu samkvæmt ákærulið II. varða við 231. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Í málinu gerir Jón Þórarinsson, kt. 000000-0000 kröfu um að ákærðu verði gert að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 55.423,- auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 10. september 2006 en síðan dráttarvaxta samkvæmt III: kafla vaxtalaga til greiðsludags.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdur til refsingar.“

Ákærðu, A, B og D, mættu við þingfestingu málsins þann 8. mars sl. og játuðu sök. Gengust þau undir viðurlagaákvörðun í því þinghaldi og samþykktu bótakröfuna. Ákærða X mætti fyrir dóm þann 15. mars sl. og neitaði sök. Fór aðalmeðferð varðandi hennar þátt fram 20. apríl sl., og málið dómtekið sama dag. Krafðist ákærða sýknu og að málsvarnarlaun yrðu lögð á ríkissjóð.

### **Málsatvik:**

Upphaf máls þessa er að lögreglunni á Selfossi var þann 29. maí 2006 tilkynnt um innbrot í sumarbústað í Vaðnesi að Hvítárbraut 1. Eigandi bústaðarins er Jón A. Þórarinsson, kt. 000000-0000, Lækjarsmára 8, Kópavogi. Tilkynnandi, Ástrós Rut Sigurðardóttir, kt. 000000-0000, kvaðst hafa komið í bústaðinn þann sama dag um klukkan 20.00 og þá tekið eftir því að þar hefði verið einhver umgangur. Kvað hún langömmu sína hafa yfirgefið bústaðinn kl. 16.00 þann 26. maí sl., en hún væri eigandi bústaðarins. Enginn hefði því átt að vera í bústaðnum frá þeim tíma og þangað til Ástrós kom í hann. Kvaðst Ástrós hafa komið að bústaðnum ólæstum og að allir gluggar hefðu verið lokaðir. Kvað hún alla lykla hafa verið á sínum stað og engin merki um að lyklum hefði verið stolið. Bakdyrnar hefðu verið læstar en þær liggja að heitum potti og taldi Ástrós að hann hefð verið notaður þar sem hlífðarhlari, sem venjulega væri yfir pottinum, hefði ekki verið yfir honum. Einnig hefðu sígarettustubbar verið í kringum pottinn en samkvæmt Ástrós þá reykti enginn í fjölskyldu hennar eða það fólk sem hefði aðgang að bústaðnum. Kvaðst hún ekki vita til þess að neinu hefði verið stolið úr bústaðnum né að það hefðu verið unnar skemmdir á honum. Kvaðst Ástrós aðeins hafa tekið eftir brotnu glasi og sígarettuösku í vaskinum á klósettinu, tannstönglum sem dreift hefði verið um gólfíð, tómum gráum plastpoka sem hefði legið á sófanum í stofunni og teppi hefði verið úti á pallinum þar sem heiti potturinn væri staðsettur. Einnig hefðu tvö glös verið á eldhúsborðinu. Eftir að lögreglan yfirgaf vettvang hafði Ástrós aftur

samband við hana og kvaðst hafa fundið stafræna myndavél í sófanum og hugsanlega væru þar myndir af þeim sem tengdust innbrotinu.

### ***Skýrslur fyrir lögreglu og dómi:***

Ákærða X gaf skýrslu hjá lögreglu þann 29. maí 2006. Kvaðst ákærða saklaus af innbrotinu, hún kvaðst ekki hafa áttað sig á því að hún hefði verið þarna í óleyfi. Kvað ákærða fyrir lögreglu að þau hefðu verið fjögur sem hefðu verið í sumarbústaðnum; ákærða, D, B og A. Þau hefðu farið úr Reykjavík og tekið til dót til að fara með í partí í sumarbústað í Grímsnesi. Kvað ákærða að A hefði hringt í fólkið sem ætti bústaðinn en það ekki svarað. Þá hefði hún heyrt A hringja í vin sinn og spyrja hvort hann mætti fá sumarbústaðinn hjá foreldrum hans lánaðan og hélt þegar þau komu að bústaðnum að þetta væri sá sumarbústaður. A og B hefðu farið á undan niður að bústaðnum og D gengið á eftir þeim. Ákærða hefði orðið eftir, þar sem hún þurfti að kasta af sér vatni og hefði síðan farið aftur inn í bifreiðina sem þau voru á. Samferðafólk hennar hefði síðan komið til að ná í hana og dótið sem þau voru með. Ákærða kvaðst aldrei hafa orðið vör við það að brotist hefði verið inn í bústaðinn og hefði haldið að þau væru þarna með leyfi húsráðanda. Ákærðu hefði ekki dottið annað í hug.

Ákærða kom fyrir dóminn og kvað aðdragandann að för þeirra í sumarbústaðinn hafa verið þann að hún hefði hitt A, sem hún þekkti lítillega, og hann hefði boðið henni að koma með sér í sumarbústað. Ákærða kvaðst hafa þegið það en hringt í vinafólk sitt og boðið því að koma einnig því ákærða hefði ekki viljað fara ein með A. Þau hefðu síðan ekið austur fyrir fjall en á leiðinni hefði ákærða heyrt A hringja og spyrjast fyrir um bústaðinn. Hefði hún verið í þeirri trú að hann væri að hringja í eiganda bústaðarins. Þá heyrði hún A hringja og spyrjast til vegar að bústaðnum. Þegar þau komu að bústaðnum hefði bifreiðinni verið lagt á bifreiðastæði nokkuð fyrir ofan bústaðinn en aðkoman að bústaðnum væri þannig að gengið væri niður brekku frá bifreiðastæðunum og mikill gróður væri þar einnig. Ekki hefði sést til bústaðarins frá bifreiðastæðinu. Ákærðu hefði verið mikið mál að kasta af sér vatni og hefði því farið strax út úr bifreiðinni og afsíðis til þess. Meðákærðu hefðu hins vegar gengið beint niður að bústaðnum á meðan. Ákærða hefði síðan farið aftur inn í bifreiðina til að taka saman föggur sínar og þá hefðu meðákærðu komið til baka að bifreiðinni til að sækja farangur þeirra. Ákærða kvaðst síðan hafa gengið með þeim niður að bústaðnum og hefði gengið inn í hann í gegnum aðaldyrnar sem hefðu staðið opnar. Ákærða kvaðst ekki hafa haft hugmynd um að ákærði A hefði ekki haft heimild til að fara í þennan bústað. Hún hefði haft allar forsendur til að halda hið gagnstæða. Ákærða kvaðst síðan ekki hafa gert sér grein fyrir því að vera þeirra í bústaðnum hefði verið í heimildarleysi fyrir en lögreglumaður hringdi í hana og boðaði hana í skýrslutöku. Í skýrslutökunni hefði einn lögreglumannanna upplýst ákærðu um að hún hefði verið í sama bústaðnum nokkrum árum áður. Ákærða kvaðst aðspurð alls ekki hafa gert sér grein fyrir því að um sama bústað hefði verið að ræða, hún hefði komið þar einu sinni og það fyrir mörgum árum og hún hefði ekki þekkt bústaðinn fyrir sama bústað.

### **Niðurstöður:**

Ákærða kom fyrst fyrir dóminn þann 15. mars sl. Kvaðst hún þá ekki hafa haft vitneskju um að meðákærði, A, hefði ekki haft heimild til að fara í umræddan bústað. Við aðalmeðferð málsins bar ákærða einnig að hún hefði gengið inn um aðaldyr bústaðarins og engin merki hefðu verið um að hurð hefði verið spennt upp eða farið hefði verið inn í bústaðinn í upphafi bakdyramegin. Ákærða bar bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi að henni hefði verið boðið að koma í sumarbústað umrædda helgi og hún ekki haft neina vitneskju um að ákærði A hefði ekki haft heimild til að fara í bústaðinn. Þá bar ákærða fyrir dómi að hún hefði ekki farið með öðrum meðákærðu í fyrstu niður að bústaðnum og því hvorki séð þegar farið var inn í hann né hvar, en ekki hefði sést til bústaðarins frá bifreiðastæðinu þar sem bifreið þeirra var lagt, auk þess að ákærða vék afsíðis til að kasta af sér vatni áður en hún gekk niður að bústaðnum. Ákærða kvað aldrei hafa verið minnst á að þau væru þarna í heimildarleysi og hún hefði ekki haft hugmynd um það fyrr en lögreglan sagði henni það þegar hún var boðuð til skýrslutöku. Fyrir dómi krafðist ákærvaldið þess að ákærðu yrði refsað fyrir hlutdeild í aðalbrotinu. Ákærða hefði hagnýtt sér húsið, hún hefði komið þar áður auk þess að skemmdir hefðu verið unnar á útihurð og stofuskáp. Þá krafðist ákærvaldið að ef háttsemi ákærðu yrði ekki færð undir 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga þá bæri að beita 2. mgr. 22. gr. vegna smávægilegrar hlutdeildar og til vara að ákærða væri allavega sek um hlutdeild af gáleysi en ákærða hefði veitt liðsinni sitt til að viðhalda ástandinu.

Í máli þessu hefur ákærvaldið ekki sannað, svo hafið sé yfir allan skynsamlegan vafa, að ákærðu hefði mátt vera ljóst að um refsiverðan verknað hafi verið að ræða í umrætt sinn af hennar hálfu, og því ekki sýnt fram á að um ásetning af hálfu ákærðu, um að eiga hlutdeild í broti meðákærðu, hafi verið að ræða. Engin vitni hafa verið leidd í máli þessu og verður niðurstaðan því ráðin af framburði ákærðu einum ásamt gögnum málsins en ákærða hefur alla tíð neitað staðfastlega að hafa haft hugmynd um að þau hafi verið í bústaðnum án heimildar. Í 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir að verknaður, sem refsing sé lögð við í lögum þessum, sé ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Fyrir gáleysisbrot skuli því aðeins refsá, að sérstök heimild sé til þess í lögnum. Háttsemi sú sem ákært er fyrir í máli þessu er heimfærð til 231. gr. hegningarlaga. Ekki er þar að finna heimild til að refsa fyrir gáleysisbrot. 22. gr. hegningarlaga tekur bæði til ásetnings- og gáleysishlutdeildar, en til þess að hægt sé að sakfella fyrir gáleysishlutdeild þarf að vera bein heimild fyrir gáleysisábyrgð í því lagaákvæði, sem brotið er gegn. Af þessum sökum verður háttsemi ákærðu ekki heimfærð til 231. gr. sbr. 22. gr. hegningarlaga þó svo að ákærvaldið telji að um gáleysisbrot sé að ræða.

Skal ákærða því vera sýkn af kröfu ákærvaldsins.

Með vísan til 1. mgr. 166. gr. laga um meðferð opinberra mála skal allur sakarkostnaður, sem er málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Auðar Jónsdóttur héraðsdómslögmanns, 153.882 krónur, auk aksturskostnaðar, 16.440 krónur, greiddur úr ríkissjóði.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**D ó m s o r ð :**

Ákærða, X, skal vera sýkn í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í máli þessu, sem er málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Auðar Jónsdóttur héraðsdómslögmanns, samtals 170.332 krónur, skal greiddur úr ríkissjóði.

Ástríður Grímsdóttir